

## Aðstoð Búnaðarsambands Suðurlands við búfjárflutninga og tjónamat vegna eldgossins í Eyjafjallajökli

Sveinn Sigurmundsson  
*Búnaðarsambandi Suðurlands*

### 1. Inngangur

Ástandið við upphaf öskugossins í Eyjafjallajökli sem hófst um miðjan apríl einkenndist af óvissu og ótta. Ógnirnar voru margar; vaðandi eðjuflóð, flúormenguð aska, öskufall og mengað andrúmsloft og síðar öskubylur. Enginn vissi hvaða stefnu gosið myndi taka. Mikið mæddi á sveitarstjórnunum og þá einkum í Rangárþingi eystra í byrjun sem réð sérstakan starfsmann Sveinbjörn Jónsson til að aðstoða bændur og búalið. Það hrikti í stoðum stoðkerfisins sem var alls óundirbúið að takast á við þessar aðstæður, en allir vildu leggja sig fram við að verða að liði. Aðalfundi Búnaðarsambandsins sem vera átti 20. apríl var frestað og öðrum verkum ýtt til hliðar eftir því sem kostur var. Allt tiltækt starfslið var kallað til og aukafólk ráðið til starfa. Jón Bjarnason sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði aðgerðarhóp undir forystu Sigurgeirs Þorgeirssonar skrifstofustjóra sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins til að stilla saman strengi helstu stofnana sem gætu aðstoðað bændur við þessar aðstæður.

### 2. Sauðburður

Sauðburður undir Eyjafjöllum og Mýrdal hófst seinnihlutann í apríl. Sá mikli gleði- og annatími var bændum á þessu svæði mikil raun vegna mikils öskufalls og öskubyls sem gerði það að verkum að ekki var hægt að sleppa út fé í gróandann eins og venjulega. Mikil óvissa var um með hvaða hætti gosið myndi þróast en fljótt stefndi í vandræði á sauðburði. Menn brugðust við með að gera útigerði og sjá til þess að nægjanlegt væri af hreinu vatni og ómenguðu heyföðri. Fljótlega fóru menn að huga að beitolöndum fyrir féð því heimalönd voru orðin öskublönduð. Markarfljótið er varnarlina og þó Matvælastofnun heimilaði flutning af gossvæðinu og vestur yfir lá alltaf skýrt fyrir að það fé yrði ekki flutt til baka. Þess vegna hugsuðum við um að finna beitolönd í Vestur-Skaftafellssýslu. Við tókum að okkur að aðstoða fjárbændur eftir föngum og Hermann Árnason frjótæknir og fjárbóndi í Mýrdal var ráðinn til verksins ásamt Árna Gunnarssyni frá Vík sem ók fjárbílnum sem við tókum á leigu í flutningana og sá ásamt eigendum um að lemba, þegar féð var tekið af bílunum. Hermann sá síðar um að stjórna réttargerð, smöln og heimflutning fjárins með aðstoð Árna.

### 3. Beitar svæði

Við hófum strax að leita að heppilegum beitolöndum. Alls staðar var okkur vel tekið, menn vildu hjálpa til og flestir fúsir að láta beitolönd í té. Yfirleitt voru girðingar ekki fjárheldar. Landgræðslan sýndi mikinn velvilja með því að leggja til landgræðslugirðinguna sem kennd er við eyðibýlið Leiðvöll og telur 7900 ha. Gróður er fjölbreyttur, þó það sé hrjóstrugt og sendið að hluta. Svæðið hefur verið friðað til margra ára. Girða þurfti 4 km af nýrri girðingu og endurnýja eldri girðingar. Þá þurfti að setja niður ristahlíð. Girðingin nær 15 km austur að Hnausum og liggur að

Kúðafljóti. Gömul tún 10 ha að stærð eru við eyðibýlið Leiðvöll. Á þau var borið og auk þess keypt gott sauðburðarhey úr Álftaveri. Fénu var sleppt á túnin og útbúið afgirt hólf til þess að auðveldara væri að lemba. Fengið var tún og úthagi í Nýjabæ við Klaustur og borið á túnið. Féð var síðan rekið um Jónsmessuna á Leiðvöll. Ríkisjörðin Lága-Kotey í Meðallandi fékkst til afnota og var fé frá einum bæ í Mýrdal flutt þangað. Þar er 20 ha tún sem borið var á. Þá voru fengin afnot af jörðinni Þverá á Síðu en hún hefur ekki verið í ábúð síðustu 3 árin. Þar eru 30 ha tún sem féð var fyrst flutt á. Keyptar voru rúllur og borið á túnin. Fyrrum ábúandi tók á móti fénu, lagaði girðingar og var svo verkstjóri yfir nýgirðingu upp á heiðum sem varð að setja þannig að hægt væri að sleppa fénu þangað.

#### 4. Fjárflutningar

Fjárflutningarnir hófust 18. maí en þá var farið með fyrsta bílinn að Þverá en ágætt sauðkropp var að koma á túnin. Í hverri ferð var hægt að flytja liðlega 100 ær ásamt lömbum. Flutningunum lauk vel fyrir miðjan júní. Þá höfðu verið fluttar 1570 ær, 2659 lömb, ásamt 104 geldkindum frá 15 bæjum úr Mýrdal og undan Fjöllunum. Féð undi sér allvel en eins og títt er um fé á nýjum stað var nokkur órói í því. Féð sótti aðeins í árnar og fljótlega fór að bera á því að Skaftáin sem rann við hagana í Nýjabæ var fénu lítill farartálmi og þar sem landrými var takmarkað var ákveðið að reka féð í Leiðvallargirðinguna. Þá var að auki flutt fé úr Fljótshlíðinni í Holtin en að öðru leyti sá sveitarfélagið um þá framkvæmd. Allmargt fé var svo flutt vestur yfir Markarfljót en því var fargað að lokinni sumargöngu. Nánar má sjá um skiptingu fjárens eftir jörðum í meðfylgjandi töflu.

**Tafla 1.** Fjöldi fjár af gossvæðinu á jörðum í Skaftárhreppi.

Þverá	414 ær	704 lömb	3 geldkindur
Nýibær	289 ær	491 lömb	
Lága-Kotey	237 ær	403 lömb	11 geldkindur
Leiðvöllur	630 ær	1071 lömb	90 geldkindur

Eftir Jónsmessu voru því 2571 kindur á Leiðvelli, 1121 kind á Þverá og 651 kind í Lágu-Kotey. Alls 4343 kindur. Eftirlit af okkar hálfu yfir hásumarið var ekki mikið en við vorum þó í góðu sambandi við heimamenn og þegar jökulhlaup kom í Skaftá í byrjun júlí sáu velviljaðir nágrannar um að bjarga fé sem þvælst hafði út á eyrar í Kúðafljóti.

#### 5. Smölun og heimflutningar

Þegar komið var fram í ágúst var farið að huga að smölun og heimflutningum fjárens. Haldinn var fundur með fjáreigendum farið yfir málin, tilhögun og smaladagar ákveðnir. Huga þurfti að réttarsmið og voru fengnar hliðgrindur að láni hjá Fóðurbloðundunni. Féð í Lágu-Kotey var frá einum bæ og sáu eigendur um smölun og heimflutning á því um miðjan ágúst. Að ráði var að smala Leiðvallargirðinguna 26. ágúst. Kvöldið áður var smalað frá girðingunni að austanverðu en smaladaginn var lagt af stað í birtingu enda svæðið 7900 ha og 15 km að lengd. Alls tóku um 25 manns þátt í smöluninni, þar af 4 á fjórhjólum. Veður var gott og smölunin gekk vel. Farið

var að rétta um kaffileytið og biðu þrír fjárflutningabílar eftir að flytja féð heim. Fóru þeir 3 ferðir og var komið vel yfir miðnótt þegar síðasta féð var flutt burt. Féð leit vel út og var frekar jafnt og áberandi var að ekki sást skita í einu einasta lambi. Allt féð var ormahreinsað áður en því var sleppt til beitar og auk þess hafði landið verið friðað um árabíl. Smölunin á Þverá og Þverárfjalli var í samvinnu við heimamenn og fór fram um miðjan september. Hluti fjárens fór beint í sláturhús. Heimtur voru þokkalegar. Eftirsmölun var þó óhjákvæmileg. Fjáreigendur skiptu síðan með sér að fara austur og sækja það fé sem síðar kom í leitirnar. Eftir á að hyggja kom Leiðvallargirðingin best út, girðingarnar héldu fénu vel og féð kom vel framgengið, enda fjölbreyttur gróður og víðlent svæði. Við samanburð á afurðaskýrslum milli ára á þeim bæjum af gossvæðinu sem fluttu féð austur til sumarbeitar sést óverulegur munur á afurðum. Á nokkrum bæjum eru svipaðar afurðir og jafnvel lítill afurðaaukning. Þeir eru þó fleiri þar sem afurðir eru aðeins lægri enda mikil þrengsli við sauðburð, fénu slátrað fyrr og svo er því ekki að neita að féð getur verið órólegt og óánægt á framandi slóðum.

## 6. Hrossaflutningar

Hrossaflutningar af gossvæðinu hófust í upphafi goss og komu ýmsir að þeim. Einstaklingar fluttu hross sín sjálfir en oft var líka um aðstoð frá sveitarfélögunum eða Búnaðarsambandinu að ræða. Undan Eyjafjöllum voru hátt í 300 hross flutt burt. Af Mýrdalsbæjum voru flutt um 80 hross austur í Skaftárhrepp í byrjun maí. Hrossin komu það snemma að þeim varð að gefa rúlluhey. Það var órói og strok í nokkrum þeirra og þurfti að leita sumra þeirra uppi á heiðum. Margar folaldsmerar komnar að köstun voru í hópnum og þurfti eftirlit og í sumum tilfellum aðstoð við köstun.

## 7. Nautgripaflutningar

Mjólkurkýr voru fluttar af tveimur bæjum og þar með mjólkurframleiðslu hætt tímabundið. Geldneyti voru þó eftir á þeim bæjum. Aðeins var um að geldneyti væru flutt á brott af öðrum bæjum.

## 8. Heymiðlun

Í byrjun goss og þegar veruleg aska hafði fallið fór fram umræða við sveitarstjórn Rangárþings eystra um með hvaða hætti væri hægt að tryggja nægjanlegt fóður næsta vetur. Síðar komu Bændasamtökin að þessum málum og sveitastjórnir Mýrdals- og Skaftárhrepps. Rætt var um félagslegar aðgerðir við ræktun í byrjun. Þá um að starfrækja heybanka sem keypti hey og miðlaði. Þá hefði þurft að breyta lögum um tjónabætur og skilyrða styrk við viðskipti við bankann. Endirinn varð sá að auglýsa eftir því hverjir væru aflögufærir um hey. Nægjanlegt framboð virtist strax af fyrningum og meðalgóðum heyjum. Það var helst að vantaði að tryggja nægjanlegt magn af snemmslegnu, góðu kúa- og sauðburðarheyi. Alls gáfu 55 bændur sig fram við að geta selt hey inn á gossvæðið en við yfirferð MAST grisjaðist hópurinn verulega. Útbúinn var listi yfir seljendur og starfsmaður sveitarfélaganna sá síðan um að gefa þeim bændum sem óskuðu eftir heyjum upplýsingar um þá sem vildu selja hey.

## 9. Tjónamat

Um leið og flóðin í upphafi gossins í Markarfljóti og Svaðbælisá voru yfirstaðin var hafist handa við að fara á vettvang og leggja mat á það tjón sem orðið var. Þegar öskufallið hófst var strax farið í skipulegar heimsóknir á bæina, bæði til að kanna ástand og bjóða fram þá aðstoð sem möguleg var. Þann 11. og 12. maí komu Bændasamtökin ásamt héraðsráðunautum víðs vegar af landinu okkur til aðstoðar. Farið var í heimsóknir á 120 bæi á áhrifasvæði gossins. Náði það í austur að Landbroti í Skaftárhreppi og í vestur í Fljótshlíð og nokkra bæi í Landeyjum. Eftir fyrri daginn hittist hópurinn að Höfðabrekku í Mýrdal þar sem farið var yfir málin og línurnar fyrir næsta dag lagðar. Segja má að farið hafi verið skipulega í heimsóknir á marga bæina a.m.k. tvisvar og nokkra þeirra þrisvar. Stjórn Bjargráðasjóðs kom saman 23. apríl þar sem reglur um aðstoð Bjargráðasjóðs vegna tjóns af völdum öskufalls og flóða vegna eldgoss voru samþykktar. Þann 7. maí voru þær svo samþykktar af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ásamt vilyrði um fjárstuðning úr ríkissjóði. Í reglunum kemur fram að héraðsráðunautar eru trúnaðarmenn sjóðsins við að leggja mat á tjón. Veruleg vinna fór svo í hönd við vinna greinargerðir og umsóknir til sjóðsins sem grundvölludust á úttektum.

Vinna ráðunauta Búnaðarsambandsins hefur m.a. falist í:

- a) Gagnaöflun v. endurræktunar túna í þeim sveitum þar sem mest öskufall varð. Öll endurræktun færð inn í loftmyndagrunn og öllum umsóknum til Bjargráðasjóðs fylgja loftmyndir og samantekt á því sem ræktað var 2010 – svo og þeirri ræktun sem áður var í viðkomandi spildum.
- b) Gagnaöflun v. heyskapar fjarri heimajörð. Allnokkur býli brugðu á það ráð að leigja sér slægjur fjarri heimajörð til að tryggja sér fóður sem laust væri við öskumengun. Gagnaöflun við umsóknargerð felst í uppdráttum af hinu leigða landi, samantekt leigureikninga og tengdra gagna er varða þennan heyskap. Þessum flokki fylgir einnig samantekt forðagæslugagna, bústofn og forði, fyrir gos og eftir (haust 2010).
- c) Samantekt reikninga og utanumhald/umsóknargerð fyrir býli sem þurftu að kaupa hey að (heykaup + flutningar). M.a. unnið í samstarfi við svonefnda heymiðlun sem sett var á fót vorið 2010 með fulltingi sveitarfélagsins Rangárþings eystra. Samantekt forðagæslugagna hér til stuðnings og viðmiðunar.
- d) Umsóknargerð, samantekt upplýsinga v. gripaflutninga, fóðrunar/beitar fjarri heimajörð. Þ.e. upplýsingar um gripafjölda, móttökubýli, beitardagafjölda (viðbótarfóður – ef svo), flutnings-vegalengdir o.s.frv. Einkum á þetta við um hrossaflutninga frá/áð svæðinu. Fjárflutningar voru í fastari og samræmdari skorðum; framkvæmd þeirra á hendi BSSL.
- e) Gagnaöflun v. flóðatjóna. Unnið með GPS mælingum sem færðar eru inn í loftmyndagrunn ásamt með skýrslugerð. Hér er um að ræða ösku/eðjuflóð á ræktað og gróið land, skemmdir á girðingum, túnvegum, opnum skurðakerfum o.s.frv.
- f) Gagnaöflun v. afurðatjóns. Samantekt og vinnsla afurðaupplýsinga/skýrsluhaldsgagna og innleggsgagna frá sláturhúsum sem auðvelda mat á tjóni. Þetta á við um fá tilfelli þar sem nautgripir voru felldir fyrr á eldistíma en annars hefði verið, áður en fullri sláturstærð varð náð. Enn fremur fá tilfelli þar sem afurðir sauðfjár haustið 2010 voru fjarri væntingum og árangri fyrri ára.

Um síðustu áramót hafði Bjargráðasjóður greitt bændum nærri 102 milljónir króna.

**Tafla 2.** Tjónabætur Bjargráðsjóðs í árslok 2010

Hreinsun lands	10.803.834
Endurræktun	32.288.645
Heykaup	39.373.888
Búfé, tjón	1.981.350
Búfjárflutningar	7.337.385
Hreinsun skurða	355.419
Girðingar	3.644.420
Hagaganga	3.511.260
Leiga túna	585.500
<u>Uppskeru tjón o.fl.</u>	<u>1.806.640</u>
	<b>101.688.341</b>

Ljóst er að ekki verður búið að tilgreina öll þau tjóna- og bótamál sem upp kunna að koma innan árs vegna eldgossins í Eyjafjallajökli eins og reglugerðin kveður á um. Kemur þar meðal annars til, að ekki er enn fyllilega ljóst, umfang tjóns á einstökum jörðum og afleiðingar sem kunna að koma fram í búfé síðar. Því var á stjórnarfundi BSSL samþykkt eftirfarandi tillaga.

„Stjórn Búnaðarsambands Suðurlands skorar á stjórn Bjargráðasjóðs að hún beiti sér fyrir endurskoðun á „reglum um aðstoð Bjargráðsjóðs vegna tjóns af völdum öskufalls og flóða vegna eldgoss“ sem staðfestar voru af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þann 7.5.2010.

Fyrst og fremst er óskað eftir að stjórn sjóðsins beiti sér fyrir endurskoðun á tímafresti skv. 4.gr. núgildandi reglna. En þar segir í 4.málgrein; „*Umsókn þarf að berast innan eins árs frá því tjón átti sér stað*“

Stjórn Búnaðarsambands Suðurlands leggur mikla áherslu á að þetta ákvæði í reglum sjóðsins verði endurskoðað og framlengdur frestur til að skila inn umsóknum vegna þeirra afleiðinga sem náttúruhamfarirnar hafa haft og kunna að hafa á jarðargróður og búfé.“

## 10. Lokaorð

Nú að 10 mánuðum liðnum frá því að gosið hófst er rétt að líta yfir sviðið og meta stöðuna og í því sambandi hvað má læra af þessum hamförum. Stjórnvöld þurfa að koma upp aðgerðaáætlun sem ná yfir flutning á búfé og aðstoð við bændur. Þó gosinu sé lokið þá er enn mikið af lausri ösku sem fýkur við minnsta vind og er skemmst að minnast dimmviðris vegna öskufjúks í janúar þar sem aska smaug inn um allar rifur í húsum Eyfellinga og Mýrdælinga í nokkra daga. Óvissa er enn með búskap og búsetu á nokkrum bæjum vegna aurflóða og öskumengunar. Margt fór þó betur en áhorfðist. Grasspretta var góð og víða jafnaði gróðurlendi sig fljótt og þó hefyndur sé vissulega mengaður, þá er mesta furða hvernig hann hefur nýst í vetur og ekki teljandi áföll í bústofni nema ef vera skyldi aukin tíðni lungnasjúkdóma í sauðfé. Flestir bændur á versta svæðinu tryggðu sér ákveðið magn af hreinu og góðu heyi. Búnaðarsambandið lagði mikla áherslu á að standa sem best við bakið á bændum og þegar vinnuskýrslur ársins eru gerðar upp hafa ráðunautar unnið um 2700 tíma í margháttaðri vinnu sem

tengist gosinu. Starfsmenn við búfjárflutninga, heimflutning fjár, girðingavinnu, eftirlit o.fl. lögðu fram 1100 tíma. Vinnuframlag við gosið af hálfu okkar á síðasta ári voru því 3800 tímar. Vinnu við skýrslugerð, úttektir og umsóknir er þó fjarri því að vera lokið. Við förum á fjölmarga bænda fundi, lögðum fram vinnu við sýnatökur úr gróðri, jarðvegi og heyjum, sáum um afleysingaþjónustu fyrir bændur á gossvæðinu o.fl. Heimasíðan var uppfærð reglulega með öllum nýjustu upplýsingum og fróðleik sem viðkom gosinu. Að auki hefur Búnaðarsambandið lagt tímabundið út fyrir kostnaði m.a. vegna fjárflutninga sem staðið var að sameiginlega. Bændasamtökin stóðu þétt við bakið á okkur, framlag þeirra m.a. við heymiðlunina og afleysingaþjónustu við bændur á gossvæðinu var ómetanlegt. Þá höfum við átt ánægjulegt samstarf við Bjargráðasjóð en stjórnin hefur lagt mikla vinnu í að yfirfara og afgreiða umsóknir og vandað til þeirrar vinnu. Í blálökin má segja það gat farið ver. Hér stöndum við, reynslunni ríkari, örlítið móð en að mestu leyti ósködduð.

#### **Þakkarorð**

Færi Jóni Viðari Jónmundssyni, Péttri Halldórssyni og Árna Snæbjörnssyni þakkir fyrir upplýsingar sem nýttust í samantekt þessari.

#### **Heimildir**

Búnaðarsamband Suðurlands 2011. Ályktun af stjórnarfundum 21. janúar 2011